

Réttur til barneigna 15. des 2016

Ég átti orðastað við lögfræðingskonu um árið. Hún sagði það rétt sérhverrar konu að eignast afkvæmi. Þessi speki er nú lögfest, þannig að skattgreiðendum ber að styðja við barneignir kvenna/foreldra, sem varla hafa nokkra burði til að annast afkvæmin - jafnvel að greiða beint eða óbeint fyrir þungunina. Öðru vísi hefur verið hugsað, sbr. orðið hér undir:

„[Þ]að er siðferðisglæpur að fæða barn í heiminn, án þess að foreldrarnir hafi góða von um, að þeir geti ekki einungis fullnægt líkamlegum þörfum barnsins, heldur einnig veitt því uppfræðslu og andlega þjálfun. Þetta er glæpur gagnvart samfélaginu ekki síður en gagnvart hinu gæfulausa afkvæmi foreldranna. Ef foreldrarnir rækja ekki þessa skyldu, ber ríkinu að rækja hana – á kostnað foreldranna, eftir því sem unnt er.“ (John Stuart Mill. Frelsið, Rvk. 1970, s. 185-186.)